



HÉRAÐSLÆKNIR  
REYKJANESHÉRAÐS

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1436  
komudagur 24/3'98

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v. Templarasund  
105 Reykjavík

Dags.:  
20. mars 1998

Tilvísun:  
SM/esl/12/98

Vísa til bréfs frá 10. mars 1998, þar sem óskað er umsagnar á frumvarpi til laga um dánarvottorð.

Undirritaður vill koma tveimur atriðum á framfæri:

- 1) 2. gr. 4. málsgrein: "Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til viðkomandi héraðslæknis. Héraðslæknir ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað."

Tel ég að skilgreina þurfi betur "viðkomandi héraðslækni" og fyrir því liggja eftirfarandi ástæður.

Neyðarflutningar á landi og lofti gerast æ algengari með bættum tækjabúnaði og breyttum starfsháttum. Sjúklingar eru fluttir um lengri veg en áður. Starfssvæði neyðarbíls sem mannaður er lækni var í upphafi bundið við Reykjavík en nær nú víðar og einnig inn á starfssvæði fleiri héraðslækna en héraðslæknisins í Reykjavík. Áhafnir (læknar) neyðarbíla hafa frá upphafi haft þá vinnureglu að kalla til héraðslækninn í Reykjavík til að staðfesta andlát, takist lífgunartilraunir ekki.

Sé hins vegar um að ræða sjúklinga úr öðrum héruðum landsins sem eru látnir við komu á sjúkrahús í Reykjavík, þá er óljóst hvers er að sinna því andláti. Málið er þá yfirleitt í höndum lögreglu á svæðinu sem sjúklingur var fluttur frá en óraunhæft er að héraðslæknir þess svæðis staðfesti andlátið. Mál af þessum toga eru allaleng og tengjast einkum þeim nágrannabyggðum Reykjavíkur sem teljast til Reykjaneshéraðs, en héraðslæknir þess héraðs gengur engar vaktir, héraðslæknirinn í Reykjavík er eini héraðslæknir landsins sem er með vakt.


Legg ég því til að "viðkomandi héraðslæknir" verði skilgreindur sem héraðslæknir þess héraðs, þar sem sjúkraflutningi lýkur.

- 2) 4 gr.

Síðasti töluliður (3.) er skýring, sem ætti að vera utan upptalningarinnar.

Að þessu frátöldu tel ég frumvarpið til bóta. Þakka tækifærið til að gefa umsögn um málið.

Virðingarfyllst,



Sveinn Magnússon, héraðslæknir